

Aðalfundur LSG 18. maí 2005.

Skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 24.05.2004 – 18.05.2005

Á fyrrgreindu tímabili voru haldnir 2 stjórnarfundir auk 1 fundar í Hornstrandaneftnd.

1. Aðalfundur LSG haldinn 24.05. 2004. (sjá meðf. fundargerð)

Á síðasta aðalfundi LSG sem haldinn var 24. maí 2004 í húsi Nýherja hf., Borgartúni 37 voru eftirtaldir kjörnir til trúnaðarstarfa :

Erling Ásgeirsson	formaður
Magnús Reynir Guðmundsson	varaformaður
Matthildur Guðmundsdóttir	ritari
Guðríður H Benediktsdóttir	gjaldkeri
Sölvi Rúnar Sólbergsson	meðstjórnandi
Guðmundur Halldórsson	varamaður
Jósef H Vernharðsson	varamaður
Sigríður Gunnarsdóttir	varamaður
Ingibjörg Ásgeirs dóttir	endurskoðandi
Kristján Guðmundsson	endurskoðandi
Jón Borgarsson	varaendurskoðandi
Anna Ásgeirs dóttir	varaendurskoðandi

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum var boðið upp á kaffiveitingar í boði félagsins.

2. Áætlunarferðir sumarið 2005.

Á stjórnarfundi þann 9. nóv. 2004 komu fram upplýsingar um að Hornstrandaferðir ehf væru u.þ.b. að hætta starfsemi og yrðu þar af leiðandi ekki með áætlunarferðið til Hornstranda og Jökulfjarða næsta sumar. Stjórnin fól formanni að skrifa bæjarstjóranum á Ísafirði vegna málsins.

**Hr. Halldór Halldórsson
Bæjarstjóri Ísafjarðarbæ
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafjörður**

Garðabæ 22.desember,2004

Efni: Ferðir frá Ísafirði til Hornstranda næsta sumar.

Stjórn Landeigandafélags Sléttu og Grunnvíkurhrepps (LSG) hefur staðfestar upplýsingar um að Hornstrandir ehf munu ekki annast áætlunarferðir til Hornstranda næsta sumar. Fyrirtækið hefur sem kunnugt er veitt landeigendum og fjölskyldum þeirra mikla og góða þjónustu á undanförnum árum, haldið uppi áætlunarferðum, flutt fólk og farangur frá byrjun júní fram í september ár hvert.

Fullyrða má að þjónusta Hornstranda ehf hafi verið forsenda fyrir því blómlega mannlífi sem þrifist hefur frá Hesteyri norður um að Horni, meðan fyrirtækið starfaði.

Vil ég með bréfi þessu vekja athygli á málinu og óska eftir viðræðum við bæjaryfirvöld um hvort einhverjar hugmyndir eða tillögur liggja fyrir um hvernig leysa mætti þetta brýna hagsmunamál. Hagsmunir ferðaþjónustuaðila, bæjaryfirvalda og landeigenda fara augljóslega saman í máli þessu.

Bestu jóla og nýjársóskir með þakklæti fyrir samstarfið á árinu.

Erling Ásgeirsson
formaður LSG

Eftir fund í bæjarráði Ísafjarðar þann 29.12.2004 fékk LSG sent eftirfarandi svar:

Lagt fram bréf frá Landeigendafélagi Sléttu og Grunnavíkurhrepps dagsett 22.desember s.l. varðandi ferðir frá Ísafirði til Hornstranda næsta sumar.....
Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við fulltrúa félagsins.

Formaður ræddi málið í tvígang við Halldór Halldórsson bæjarstjóra. Bæjarstóri upplýsti að Sæferðir Hafsteins og Kiddýar ehf yrðu með fastar áætlunarferðið norður á strandir allt til Hornvíkur og inn í Jökulfirði næsta sumar. Samkvæmt upplýsingum í verðskrá þarf að greiða sérstaklega fyrir farangur umfram 30 kg. á farþega. Að sögn bæjarstjóra og að athuguðu máli þá upplýsti hann að gas og olía í brúsum gæti fylgt hverri fjölskyldu án sérstaks endurgjalds. Fyrirtækið flytur ekki byggingarefnii. Bæjarstjóri vakti athygli á hugsanlegum breytingum á auglýstri áætlun vegna komu skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar.

3. Æfingarleiðangur á vegum breska varnamálaráðuneytisins 11.-19. júlí 2004 Sent stjórn LSG til upplýsingar

Vísað er til erindis umhverfisráðuneytis, dags. 10. júní 2004, þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um æfingarleiðangur á vegum breska varnamálaráðuneytisins dagana 11.-19. júlí 2004. Í leiðangrinum taka þátt sex menn sem munu ganga milli Aðalvíkur og Hornvíkur í friðlandinu á Hornströndum dagana 13.-14. júlí og dvelja í Hornvík til 16. júlí. Leiðangursmenn koma inn á svæðið með bát og yfirgefa það með sama hætti.

Umhverfisstofnun gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemd við fyrirhugaðan æfingarleiðangur enda er ekki um að ræða vopnaða heræfingu og gert er ráð fyrir því að leiðangursmenn verði ekki í einkennisklæðum hersins. Þess er vænst að leiðangursmenn fái upplýsingar um reglur friðlandsins á Hornströndum og að þeim verði fylgt í hvívetna.

Virðingarfyllst,

Davíð Egilson
forstjóri

María Harðardóttir
sérfræðingur

4. Umhverfisstofnun og Hornstrandaneftnd.

Þann 1. janúar 2003 tók Umhverfisstofnun til starfa við sameiningu Náttúruverndar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins, Embætti veiðistjóra, dýraverndar- og hreindýraráðs. Forstjóri nýrrar stofnunar er Davíð Egilson.

Hornstrandaneftnd heyrir þá nú undir Umhverfisstofnun.

Í Hornstrandaneftnd sitja. Úr stjórn LSG Mathildur Guðmundsdóttir, Guðríður Benediktsdóttir, Erling Ásgeirsson. Frá Ísafjarðarbæ Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Guðni Jónsson. Formaður nefndarinnar er María Harðardóttir líffræðingur og verkefnistjóri á friðlýsingarsviði Umhverfisstofnunar.

Nýbygging í Fljótavík.

Hornstrandaneftnd kom saman 11. júní 2004 til þess að fjalla um fram komna beiðni um byggingu frístundahúss í landi Tungu í Fljótavík. Eftir að hafa skoðað teikningar og önnur gögn málsins þá gaf Hornstrandaneftnd jákvæða umsögn.

Gistiaðstaða í Hornbjargsvita.

Óvissuferðir ehf sóttu um leyfi hjá Sýslumanninum á Ísafirði fyrir gistiskála í starfsaðstöðunni Hornbjargsvita í Látravík. Sýslumaðurinn leitaði umsagnar Ísafjarðarbæjar sem aftur fór með málið fyrir Umhverfisstofnun/Hornstrandaneftnd. Nefndin skilaði jákvæðri umsögn en leggur áherslu á þær reglur sem um friðlandið gilda.

5. Óskað er eftir framkvæmdaleyfi fyrir smíði bryggju á Hesteyri.

“Byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar sendi Umhverfisstofnun erindi, dags. 10. maí 2004, þar sem óskað er eftir heimild til að veita framkvæmdaleyfi fyrir smíði á trébryggju á Hesteyri. Engar upplýsingar komu fram nema að bryggjan yrði 15 m löng og 1,3 m á breidd og að fyrir framan bryggjuna væri gert ráð fyrir að setja lausa flotbryggju sem yrði tekin upp á haustin.

Um þetta mál var fjallað ítarlega í skýrslu formans LSG fyrir aðalfun 24. maí 2004.

Eftir umræður á fundinum sendi stjórnin svohljóðandi tölvuskeyti til

Umhverfisstofnunar :

Á aðalfundi LSG 24. maí s.l. þar sem formaður kynnti málið komu fram eftirfarandi sjónarmið.

a) Þar sem bryggjan verður styrkt af almannafé er þá ekki öruggt að allir geti notið hennar ?

b) Hefur verið rætt við viðkomandi landeigendur um að komu að bryggjunni ?

Þetta eru sennilega frekar atriði sem byggingarfulltrúinn hefur til hliðsjónar við útgáfu framkvæmdaleyfisins geri ég ráð fyrir.

Ég vil láta það koma fram að umræðan á fundinum var í þessa veru einkum hjá Hesteyringum sem þar voru. Vonast ég til að tekið verði tillit til sjónarmiða þeirra sé þess nokkur kostur.

Að svo mæltu legg ég til að Hornstrandaneftnd gefi jákvæða umsögn.

6. Rekstur björgunarskýla.

Björgunarsveitin Ernir í Bolungarvík á að sjá um skýlin á Sæbóli og Látrum.

Samkvæmt upplýsingum frá Bergi Bjarna Karlssyni formanns sveitarinnar væri áformáð að gera við skýlið á Látrum s.l. sumar en þar voru sett up ný fjarskiptatæki 1. haustið 2003. Hann sagði að ekki væri enn ráðið hvað gert yrði á Sæbóli. Fyrirhuguð er ferð björgunarsveitarmanna á Ísafirði og einhverra heimamanna til Hlöðuvíkur s.l.

sumar til að byggja þar nýtt björgunarskýli. Ísafjarðarsveitin á líka að sjá um skýlið í Fljótavík ekki er vitað hvað verður gert þar á næstunni.

Búið er að gera við skýlið á Látrum, en ekki tókst að ljúka viðgerðum s.l. sumar. Stjórn LSG fylgist með málínus eftir föngum en frekar örðugt hefur reynst að fá upplýsingar varðandi öll skýlin.

7. Endurheimt á rétti sjávarjarða til útræðis.

Á stjórnarfundi 27. júní 2001 var samþykkt að fela Þorvarði Jónssyni fyrrverandi formanni LSG að gæta hagsmuna félagsins varðandi endurheimt fornra réttinda til útræðis. Þorvarður mun flytja fundinum skýrslu um stöðu mála eins og á síðasta aðalfundi LSG.

8. Niðurlag.

Á stjórnarfundi í LSG þann 13. apríl 2005 var ákveðið að halda félagsfund á Ísafirði á vormánuðum 2006 með líku sniði og gert var í maí 2003. Að mati stjórnar félagsins er mikilvægt að efla og viðhalda tengslum við “vestur-deildina” svokölluðu.

Tilgangurinn með stofnun LSG árið 1973 var að gæta hagsmuna félagsmanna og sjá til þess að þeir gætu haft afnot af eignum sínum þrátt fyrir friðlýsinguna. Stjórn LSG er mjög meðituð um þetta hlutverk sitt. Jafnframt virku samstarfi við bæjaryfirvöld á Ísafirði og Umhverfisstofnun hyggst stjórnin miðla fræðslu og upplýsingum til félagsmanna í eins miklum mæli og hún hefur tök á og er fyrirhugaður fundur á Ísafirði liður í þeirri viðleitni.

Reykjavík 18. maí 2005,
Erling Ásgeirsson form. LSG